

67. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 29. mars 2016.

Fundargerð.

Mætt voru: Perla Fanndal, Hjalti Jóhannesson, Jón Einar Jóhannsson, Ingimar Tryggvason og undirritaður.

1. Rætt var um fyrirhugaðar framkvæmdir í gatnamálum, sem m.a. var upplýst um Vikudegi fyrir skemmstu. M.a. má nefna umferðarljós við horn Gránufélagsgötu og Glerárgötu. Nefnd þykir faramkvæmdaáætlun ekki taka nægilega mið af hagsmunum og velferð íbúa svæðisins; aðeins sé einblínt á umferðartæknileg atriði.
2. Rætt um komandi Aðalfund, sem haldinn verður í Oddeyrarskóla nk. Fimmtudag 31.mars. Hugmynd að fá t.d. Tryggva Mát Ingvarsson eða dr. Bjarka Jóhannesson að halda erindi um stöðu skipulagsmála til framtíðar á Oddeyri. Fyrirvari mjög stuttur.
3. Rætt um hvernig verja skuli 1,5 milljón króna framlagi. Hugmyndir sem fram komu: Eiðsvöllur: Vatnshani.
 - i. Fánastöng
 - ii. Fjölga bekkjum og bekkjaborðum
 - iii. Hverfisnefnd vill endurskoða staðsetningu folfgrinda á Eiðsvelli. Nefndin telur að betur færi, að koma þeim fyrir á fleyglaga reitnum milli Hjalteyrargötu og Ægisgötu, norðan Eyrarvegar.
 - iv. Lagfæra hellulögn og hleðslu við listaverkið „Farið“ við Strandgötu, sem og í fjöru við Átak
4. Rætt um ýmislegt annað sem nefnd telur vert að hugleiða; M.a. að setja upp létt girðingu við áðurnefndan fleyglaga reit milli Hjalteyrargötu og Ægisgötu (sem fjarlægja mætti að haustlagi til að keyra þangað snjóruðninga yfir vetur). Forgangsmarki við Norðurgötu. Rætt um að netsamband á Oddeyri, það sé bæði hægvirkt og fornfálegt.

Á Kaffi Símsstöðinni, Hafnarstræti 102 , 29.mars 2016

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.